

Borghildur (RVK studios)
Pengilbás 14
112 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2024
UST202405-014/P.V.B.
09.06.01

Efni: Leyfi til kvikmyndatöku Urriðakotshraun

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Borghildar (RVK studios), dagsett, 2. maí 2024, um leyfi til kvikmynda töku innan NAFN SVÆÐIS.

Urriðakotshraun er friðlýst sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 60/2024](#). Óheimilt er að hrófla við, raska eða skemma á annan hátt jarð- og hraunmyndanir í fólkvanginum og óheimilt er að spilla gróðri nema um sé að ræða gróður sem spillir útsýni að jarð- og hraunmyndunum á svæðinu eða hefur áhrifa á nerndaegildi þeirra nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð ríðandi er aðeins heimil á skilgreindum reiðstígum. Akstur vélknúina ökutækja utan vega er óheimill. Notkun fjarðstýrða loftfara er óheimil innan náttúruvættisins nema með fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun. Jafnframt skal leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar og samkomuhalds.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til myndatöku á reiðstíg innan Urriðakotshrauns. Mynda á tvo aðila á hestbaki sem myndu ríða eftir reiðstígnum. Kort sem sýnir veglokanir og tókusvæðið fylgdi með umsókn. Að tókunum kæmu hámark 15 manns með kvikmyndavél á þrífæti. Tækjabílum verður lagt á bílastæði í kringum tókustað. Tökurnar færu fram eftir hádegi 3. maí 2024.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufer og verndargildi svæðisins sé farið að skilyrðum leyfisins. Umhverfisstofnun metur að kvikmyndatakan geti haft truflandi áhrif á gesti svæðisins og nærliggjandi friðlýstra svæða. Um er að ræða vinsæl útivistarsvæði og til stendur að setja upp umferðarlokanir á vegi sem munu hafa áhrif á aðgengi gesta að komast að svæðinu og leggja bifreiðum og sama á við um nærliggjandi svæði. Umhverfisstofnun metur að hægt sé að takmarka neikvæð áhrif á þá sem nýta friðlýsta svæðið og nágretta svæði sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir RVK Studios ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku innan Urriðakotshrauns sbr. lýsingu hér að ofan þann 3. maí 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu. Óheimilt er að raska mosa á svæðinu og skal þess gætt ef kvikmyndavél og búnaður þarf að vera staðsettur utan stíga að vanda við val á hvar vélin og starfsfólk staðsetur sig
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Merkja skal hjáleiðir þar sem við á svo gestir svæðana hafi áfram aðgang að svæðinu.
- Takmarka skal þann tíma sem vegalokun varir eins og kostur er og ekki skal teppa bílastæði með geymslu á búnaði eftir að tökum líkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Leyfi vegargerðar gæti þurft fyrir lokun vegarinn.

Leyfi Matvælastofnunar þarf vegna notkunar dýra í tökunum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 14/2023.

Í gjaldskrá Umhverfisstofnunar er heimild til að innheimta aukalega gjald sem nemur kr. **41.600,** eða sem nemur tveggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., vegna umsókna sem berast innan fimm virkra daga frá fyrirhugaðri kvikmyndatöku sbr. 4. mgr. 29. gr. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023. Umsókn umsækjanda barst innan fimm virkra daga frá því fyrirhugað verkefni átti að hefjast. Umhverfisstofnun hefur því bætt þessari upphæð við gjaldið og mun því innheimta samtals **124.800 kr.** fyrir vinnu við afgreiðslu leyfisins.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir
svæðssérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur